



samband
íslenskra
framhaldsskólanema

Ársskýrsla 2020-2021

Ársskýrsla SÍF 2020 - 2021

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, var stofnað árið 2007 við sameiningu Iðnnemasambands Íslands og Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema (áður Félag framhaldsskólanema).

Sambandið var stofnað með það að leiðarljósi að standa vörð um hagsmuni allra framhaldsskólanema óháð námsleið, bóknáms, -iðn, -og verknuma.

SÍF er hagsmunasamtök allra framhaldsskólanema á Íslandi, um 20.000 nemenda. Aðild að SÍF eiga 32 nemendafélög, í 31 framhaldsskólum, og sem slíkt er það kröftugt þrýstiafl í samfélaginu og helsti tengiliður nemenda við stjórnvöld. Á aðalþingi SÍF verður umsókn nemendafélags Keilis tekin fyrir.

Samtakamáttur nemenda er mikill þegar mikið liggur við og leggur SÍF áherslu á að skapa vettvang fyrir þá til að hittast, ræða málin, taka ákvarðanir og láta rödd sína heyrast. Í gegnum SÍF eiga nemendur fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum á vegum ríkisins og víðar þar sem fjallað er um málefni er varða framhaldsskólanema.

Með þeim hætti gætir SÍF hagsmuna nemenda í þeim ákvörðunum sem teknar eru.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð sjö framhaldsskólanemum eða ný-útskrifuðum nemum og er kosin til eins árs í senn á aðalþingi sem haldið er í september ár hvert. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði einu sinni í viku á skrifstofu félagsins, þar eru ákvarðanir teknar og rætt um þau erindi sem berast.

Framkvæmdastjórn 2020 - 2021 skipuðu:

Auður Aþena Einarsdóttir, Tækniskólinn - margmiðlunarfulltrúi

Hermann Nökkvi Gunnarsson, Fjölbrautaskóli Suðurnesja - alþjóðafulltrúi

Júlíus Viggó Ólafsson, Fjölbrautaskóli Suðurnesja - forseti

Magnús Gunnar Gíslason, Verzlunarskóli Íslands - verkefnastjóri

Sigurþór Maggi Snorrason, Menntaskólinn í Reykjavík - varaforseti

Steinþór Ólafur Guðrúnarson, Borgarholtsskóli - gjaldkeri

Sara Dís Rúnarsdóttir, Menntaskólinn í Reykjavík - hagsmunafulltrúi

Seta í ráðum og nefndum

SÍF á fulltrúa í fjöldan öllum af ráðum og nefndum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og víðar. Þar sem fundir þessara hópa eru iðulega haldnir á skólatíma og til að tryggja samfellu þekkingar og upplýsinga tilnefnir stjórnin gjarnan starfsfólk til setu í þeim fyrir hönd félagsins.

- Stjórn Menntasjóðs námsmanna - Hildur Björgvinsdóttir
- Ráðgefandi stefnuhópur um aðgerðaráætlun menntastefnu 2021 - 2024 - Hildur Björgvinsdóttir
- Ráðgjafahópur um innleiðingu nýrrar reglugerðar um vinnustaðanam - Hildur Björgvinsdóttir

- Vinnuhópur um innleiðingu nýrrar reglugerðar um vinnustaðanám - Hildur Björgvinsdóttir
- Æskulýðsráð - Hildur Björgvinsdóttir
- Stjórn Vinnustaðanámssjóðs - Hildur Björgvinsdóttir
- Young Reporters of the Environment - Magnús Gunnar Gíslason
- Starfshópur kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum - Sigurpór Maggi Snorrason
- Ungt fólk og atvinnulífið, Samtök atvinnulífsins - Hermann Nökkvi Gunnarsson og Júlíus Viggó Ólafsson

Skrifstofa og starfsfólk

Skrifstofa félagsins hefur verið frá stofnun verið til húsa í Hinu húsinu, ungmennahúsi Reykjavíkurborgar, að Rafstöðvarvegi 7-9 í Elliðaárdal. Þar er góð aðstaða til að funda, bæði fyrir framkvæmdastjórn en einnig fyrir fjölmennari fundi líkt og sambandsstjórnarfundir. Í Hinu húsinu er einnig Landssamband ungmennafélaga, regnhlífasamtök SÍF, með skrifstofu og hefur það reynst farsælt fyrir bæði félagin að vera staðsett í sama húsi.

Starfsárið var það annað í röðinni þar sem tveir starfsmenn unnu á skrifstofunni, verkefnastjóri Sigvaldi Sigurðarson í 50% stöðu og framkvæmdastjóri, Hildur Björgvinsdóttir í 50%. Breytingin er til mikillar batnaðar frá því sem áður var þegar aðeins var hálft stöðugildi hjá félaginu. Verkefnastaða félagsins heldur þó áfram að aukast jafnt og þétt, umsagnarbeiðnum hefur fjölgað mikið, félagið hefur fiskað vel af verkefnastyrkjum en gengið hægt að framkvæma verkefni sökum skorts á mannskap og einnig hefur beiðnum frá ráðuneytinu um aðkomu og þátttöku SÍF í fjölmörgum ráðum og vinnuhópum aukist mikið. SÍF fagnar þessum hraða vexti en ljóst er að slíkt gengur ekki til lengdar nema með auknu fjármagni og frekari fjölgun á stöðugildum starfsfólks.

Til að mæta uppsöfnuðum verkefnaalista var ákveðið að nýta vinnumarkaðsúrræði nemenda hjá Vinnumálastofnun og ráða tímabundið Hrefnu Árnadóttur, fyrrum stjórnarmeðlim, í 100% starfshlutfall til þriggja mánaða yfir sumartímam til að skipuleggja hagsmunaskóla SÍF og vinna að sértækum verkefnum tengdum hagsmunum nemenda af erlendum uppruna.

Hildur hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri SÍF og verður Telma Eir Aðalsteinsdóttir nýr framkvæmdastjóri félagsins.

Covid- verkefni

Framhaldsskólanemar hafa ekki farið varhluta af heimsfaraldrinum skæða frekar en aðrir hópar. Undanfarnar þrjár annir hafa skólar ýmist verið opnir með ströngum sóttvarnareglum, opnir með fjöldatakmörkunum eða alveg lokaðir, og þurftu nemendur ótal sinnum að setja sig í nýjar stellingar þegar reglugerðum var breytt með stuttum fyrirvara. Verkefni SÍF tengd faraldrinum hafa verið ótal mörg og sett flest annað á dagskrá félagsins til hliðar í lengri tíma.

Ráðgjafahópur og fundir með ráðherra

Í október sendi félagið póst á alla framhaldsskóla og óskað eftir því að upplýsingum yrði komið áfram til nemenda þar sem óskað var eftir áhugasömum nemendum til að taka þátt í covid ráðgjafahópi. Voru tæplega 50 sem skráðu sig úr bók-, iðn- og verknámi, alls staðar að af landinu. Þá var sérstaklega óskað eftir þátttöku nemenda með fatlanir og sértæka námsörðugleika og nemenda af erlendum uppruna. Því miður voru fáir nemendur úr hvorum hópnum fyrir sig sem skráðu sig en einhverjir þó. Ráðgjafahópurinn fundaði alls sex sinnum í

gegnum fjarfundabúnað og fengust þar góðar upplýsingar um gang mála í fjölmörgum skólum, svo sem varðandi fjarkennslu, prófafyrirkomulag, stuðning og námsmat. Upplýsingar af samráðsfundunum tóku fulltrúar SÍF, stjórnarmeðlimir og starfsfólk síðan með sér á fundi með menntamálaráðherra.

Í september 2020 var haldinn fyrsti samráðsfundur menntamálaráðherra og fulltrúa SÍF, stjórnarmeðlima og starfsfólks, en fundirnir urðu alls 16 á bilinu september og fram í mars, þar af voru 12 haldnir fyrir áramót. Á fundunum var rætt um stöðuna, ráðherra sagði frá áætlunum stjórnvalda og fulltrúar deildu bæði persónulegum reynslusögum úr sínum skólunum og einnig samantektum af fundum ráðgjafahópsins. Mætti ráðherra á einn fund ráðgjafahópsins og ræddi þar við nemendur. Meðal áherslna SÍF á fundum með ráðherra voru að gerðar yrðu áætlanir til lengri tíma en þegar leið á haustönnina og ekki sá fyrir endann á faraldrinum bárust reglulega fregnir af nemendum sem ekki vissu hvort þeir ættu og/eða mættu mæta í skólann. Þá óskaði SÍF eftir því að loftræstibúnaður skólanna yrði yfirfarinn og hreinsaður, fjarfundabúnaður uppfærður þar sem þess þurfti og síðast en ekki síst að nemendur fengju að ráða hvort þeir mættu í skólann eða sætu kennslustundir í fjarfundabúnaði þegar skólarnir voru opnaðir eftir áramót.

Auk samráðsfundanna með ráðherra fundaði SÍF nokkrum sinnum með ráðherra og sérfræðingum ráðuneytisins þar sem farið var yfir drög að nýjum reglugerðum sem snéru að takmörkunum á skólahaldi.

SÍF fagnar þessu mikla samráði ráðherra við félagið á erfiðum tímum og telur að fundirnir hafi gefið báðum aðilum góða innsýn inn í stöðu mála. Hins vegar telur SÍF að það hefði átt að fylgja fundunum betur eftir þegar kom að mikilvægum atriðum líkt og bættu aðgengi nemenda að sálfræðipjónustu, aukin tæknileg aðstoð handa kennurunum við fjarfundakennslu, skýrari línur í námsmati við upphaf annar og fleira.

Covid - könnun

Í október óskaði SÍF eftir samstarfi við ráðuneytið við gerð könnunar þar sem markmiðið yrði að skoða líðan nemenda í covid - faraldrinum. Ráðuneytið tók vel í beiðnina og héldu Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri á skrifstofu SÍF og Eiríkur Helgi Eyjólfsson sérfræðingur ráðuneytisins utan um framkvæmdina. Könnunin var send á 2.500 framhaldsskólanema og var heildar svarhlutfall rúm 62%. Helstu niðurstöður könnunarinnar¹ voru meðal annars þær að:

- um 8% nemenda töldu sig vera í áhættuhópi fyrir alvarlegri veikindi vegna COVID-19 og tæpur helmingur, eða 47% nemenda, umgangengst reglulega, t.d. á heimilinu, einhvern með undirliggjandi heilsufarskvilla sem teljast til þess áhættuhóps, á meðan 53% þeirra gera það ekki.
- Af þeim sem töldu sjálfan sig, eða einhvern sem þau umgangast reglulega, vera í áhættuhópi sögðust 57% vera sammála því að skólinn þeirra sýndi því skilning og kæmi til móts við þarfir þeirra. 14% kváðust ósammála þeirri fullyrðingu.

1

- 61% nemenda tilgreindu að faraldurinn og sóttvarnarreglur hafa haft slæm áhrif á félagslífið sitt, 6% töldu hins vegar hann hafa haft góð áhrif á félagslíf sitt.
- Kvenkyns nemendur í framhaldsskólum mælast að meðaltali með hærri skor á skólum fyrir þunglyndi, kvíða og streitu. Að meðaltali eru yngstu nemendurnir, 16 ára, með lægstu skor á þunglyndis og streitukvarða af aldursflokkunum. Talið er að um 4% nemenda eigi í verulegum erfiðleikum með þunglyndi, um 2% karla og 6% kvenna.

Stoðþjónusta - úttekt

Í nóvember gerði SÍF úttekt á þeirri stoðþjónustu sem stóð nemendum til boða á þeim tíma. Sendur var spurningalisti á alla tengiliði stoðþjónustu í 31 skólum og voru það í flestum tilfellum náms- og starfsráðgjafi sem svaraði spurningunum. Svör bárust frá öllum skólum nema einum.

Meðal þess sem spurt var um var hvort sálfræðingur væri með fasta viðveru í skólanum og þá í hversu miklu stöðugildi, hversu mörg stöðugildi náms- og starfsráðgjafa væru við skólann, biðtími og hvaða önnur þjónusta væri í boði.

Helstu niðurstöður voru þær að sálfræðingar eru með viðveru í innan við helmingi skólanna en biðtími eftir viðtali er oftast stuttur eða innan við vika þótt hann geti verið ívið lengri eða skemmri í einhverjum tilfellum. Í úttektinni kom einnig fram að náms- og starfsráðgjafar eru starfandi í öllum framhaldsskólum líkt og 37.gr. laga um framhaldsskóla segir til um en einnig að álagið á þeim er oft of mikið, sér í lagi í þeim skólum þar sem ekki er starfandi sálfræðingur. Af þeim skólum sem ekki bjóða upp á þjónustu sálfræðings í skólanum eru 5 staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Tíu skólar á landsbyggðinni, margir staðsettir í litlum sveitarfélögum, eru ekki með sálfræðing innan veggja skólans.

Í úttektinni kom einnig fram að flestir stoðþjónustaðilar auglýsa þjónustu sína í gegnum tölvupóst og samfélagsmiðla skólanna en í samtali SÍF við nemendur hefur borið á því að þeir vita ekki alltaf hvaða stoðþjónusta stendur þeim til boða, sér í lagi þegar aðgangur nemenda að skólum hefur verið takmarkaður vegna Covid- sóttvarnaaðgerða.

SÍF hvatti í framhaldinu tengiliði stjoðþjónustunnar og nemendafélögin til að vinna saman að því að auglýsa þjónustuna á víðari vettvangi, t.d. samfélagsmiðlum nemendafélaganna, bekkjanna og árganganna. Á þeim síðum eru mun fleiri fylgjendur og því líklegra að tilkynningar þar nái til nemenda. Þá er brýnt að þjónustan sé auglýst á ensku í þeim skólum þar sem nemendur með annað móðurmál en íslensku stunda nám.

Niðurstöðurnar sendi SÍF til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ræddi á samráðsfundi með ráðherra í janúar 2021.

Sálfræðiþjónusta

Bætt aðgengi nemenda að sálfræðiþjónustu innan skólanna hefur lengi verið til umræðu hjá SÍF, bæði hefur sambandsstjórnin sent frá sér ályktanir og eins hafa fulltrúar félagsins rætt málefnið á fundum með fulltrúum ráðuneytisins og ráðherra.

Til að fylgja kortlagningu stoðþjónustunnar eftir framkvæmdi SÍF eftirfylgnikönnun í apríl 2021 til að kanna í hvaða skólum sálfræðingur væri með fasta viðveru, hvaða skólar væru

með samning við nærliggjandi heilsugæslustöð og aðgengi nemenda að sálfræðipjónustu á heilsugæslum.

Sendur var út spurningalisti til skólastjórnenda allra þeirra 31 framhaldsskóla sem eiga aðild að SÍF² og 29 heilsugæslustöðva í nágrenni þeirra, þar með talið allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar allra skólanna svöruðu spurningalistanum og 76% heilsugæslustöðvanna eða 22 þeirra. Skólarnir voru spurðir sérstaklega út í samkomulag skólanna við heilsugæslustöðvar og hvað felst í því samkomulagi en í 36. gr. laga um framhaldsskóla segir: „Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum“. Einnig var tilgangurinn að kanna hvort fjöldi sálfræðinga í framhaldsskólum hefði breyst frá mælingum félagsins á stoðþjónustunni.

Í spurningum til heilsugæslanna var meðal annars spurt út í samning við skóla og biðtíma eftir sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanema.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að sálfræðingar eru í tæplega helmingi skólanna, 15 talsins eða 48%. Það er sama niðurstaða og fékkst úr úttekt SÍF á stoðþjónustu í nóvembermánuði 2020. Staðan hélst því óbreytt á milli mælinga. Jákvætt verður þó að teljast að flestir þeir skólar sem bjóða upp á sálfræðipjónustu innan veggja skólanna hafa sálfræðing með viðveru einu sinni eða oftari í viku.

Einnig kom fram að 67% skólanna eru ekki með lögbundinn samning við heilsugæslurnar og 7% skólastjórnenda vita ekki hvort skólinn sé með samning.

Á meðan að biðtími eftir sálfræðingi í skólum er oftast aðeins nokkrir dagar er meðalbiðtími eftir að komast að hjá sálfræðingi á heilsugæslustöð 9,5 vikur en á nokkrum 20 vikur eða meira en á einhverjum þó styttri.

SÍF setti niðurstöður kannanna tveggja saman í skýrslu sem send var meðal annars til ráðherra, þingfulltrúa og skólastjórnenda. Við útgáfu skýrslunnar boðaði félagið til hádegismálþings þann 2.september 2021 í Hinu húsinu til að ræða alvarlega stöðu á andlegri líðan framhaldsskólanema sem hefur versnað mikið undanfarin ár og mikilvægi þess að bjóða upp á sálfræðipjónustu í skólum. Málþinginu var einnig streymt á vísu.is

Frummælendur á málþinginu, sem bar yfirskriftina *Geðheilbrigði framhaldsskólanema: Málþing um aðgengi sálfræðipjónustu* voru:

- Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri á skrifstofu SÍF - „Í frjálsum falli“

- Guðrún Randalín, aðstoðarskólameistari Tækniskólans.

Kæri sáli - reynsla Tækniskólans af sálfræðipjónustu innan skólans.

- Fríður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann við Hamrahlíð. - Heildstæð stoðþjónusta fyrir framhaldsskólanemendur.

- Júlíana Garðarsdóttir, sálfræðingur við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. - Að vinna í skólanum.

- Aníta Þula Benediktsdóttir Cummings - Reynslusaga nemanda.

²SÍF er hagsmunafélag allra framhaldsskólanema landsins og eru nemendafélög skólanna aðildarfélög þess. Skólarnir sjálfir eiga ekki aðild að SÍF.

Eftir hádegishlé ávörpuðu Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta-og menningarmálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra þingið áður en þær tóku þátt í pallborðsumræðum með frummælendum.

Fundarstjóri var Kristín Ólafsdóttir, fréttamaður á stöð 2, vísi og Bylgunni.

Stjórn og starfsfólk var sammála um að málþingið hefði verið afar vel heppnað og gríðarlega mikilvægt í umræðuna.

Nemendur af erlendum uppruna

Í tölum Hagstofunnar frá árinu 2017 kemur fram að skólasókn í framhaldsskólum er minnst meðal innflytjenda og telur SÍF það mikið áhyggjuefni og veit sem er að huga þarf sérstaklega að nemendum af erlendum uppruna sem standa höllum fæti í íslensku skólakerfi. Nemendum sem ekki hafa Íslensku að móðurmáli hefur fjölgað á Íslandi og staða þeirra innbyrðis er ólík. Þrátt fyrir ítrekaðar og fjölbreyttar tilraunir hefur gengið erfiðlega að fá ungmenni af erlendum uppruna til að taka þátt í ráðgjahópnum sem SÍF telur ýta undir mikilvægi hans og verkefnanna, nemendurnir eru afar einangraður hópur sem tekst á við ólíkar áskoranir en jafnaldrar þeirra í skólakerfinu.

Myndbönd

Árið 2018 hlaut SÍF styrk úr þróunarsjóði innflytjenda fyrir verkefninu *Meningarmyndbönd* (e.Culture class videos). Í þeim verður reynt verður að varpa ljósi á „ungmenna“ menningu á Íslandi, í framhaldsskólum og utan þeirra, í formi teiknimyndbanda (e.animation) en meðal þess sem fjallað verður um er t.d. hinsegin menning, félagslíf í framhaldsskólum, tíska o.fl. Myndböndin verða byggð á reynslusögum einstaklinga sem flust hafa til landsins og er hugmyndin að þau muni ekki aðeins nýtast kennurum í kennslu heldur einnig t.d. Rauða krossinum, Vinnumálastofnun og fleirum.

Þá eru vonir bundnar við að myndböndin verði einnig fræðandi fyrir foreldra ungmenna sem flytjast til landsins en SÍF hefur haft spurnir af því að ungmenni fá ekki leyfi foreldra til að taka þátt í félagslífi jafnaldra sinna þar sem það er ekki í samræmi við það sem þau eiga að venjast í heimalandi sínu.

Hugmyndin að verkefninu er komin frá fyrrum ráðgjafahópi erlendra nemenda.

Handbók um mentorverkefni

Haustið 2018 stóð SÍF fyrir viðburði á Hvammstanga, *Meningarþræðir*, þar sem bæði nemendur af erlendum uppruna og íslenskir nemendur komu saman og ræddu hvað þyrfti að gera til að bæta stöðu fyrr nefnda hópsins. Meðal þess sem kom skýrt fram var trú þeirra á mentorverkefnum/stuðningsvinaverkefnum, þ.e. þegar íslenskur nemandi er þeim erlenda innan handar í skólanum. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að verkefni séu í umsjón skóla, þ.e.a.s. að starfsmaður skóla haldi utan um þau og fylgi þeim eftir. Í framhaldinu höfðu

nokkrir skólar samband við SÍF og lýstu yfir áhuga sínum á að koma á slíku verkefni en töldu sig vanta þekkinguna til þess. Var því ákveðið að SÍF skyldi gera handbók byggða á reynslu þeirra skóla og þeirra nemenda sem tekið hafa þátt í slíku verkefni. Er undirbúningur við gerð handbókarinnar þegar hafinn þ.e.a.s. öflun gagna og viðmælenda og verður í framhaldinu sett saman „best practice“ bók, byggða á reynslu nemenda og starfsfólks, sem send verður á alla framhaldsskóla landsins.

Upplýsingasíða

Fulltrúar SÍF hafa ítrekað átt samtalið við nemendur af erlendum uppruna sem ekki hafa fengið nægar upplýsingar um þá framhaldsskóla og það nám sem stendur þeim til boða. Skortur er á að nemendur fái útskýringu á því hvernig skólakerfið virkar á Íslandi, þ.e.a.s. að nemendur velji sér skóla og braut, þurfi að taka ákveðna skylduáfangi og valáfanga til þess að eiga þess kost að útskrifast.

Til að ýta undir að nemendur velji sér þann skóla og það nám sem hentar áhugasviði þeirra mest og þannig draga úr líkunum á brotthvarfi, hyggst SÍF setja upp upplýsingasíðu á nokkrum tungumálum þar sem skólar landsins verða listaðir og það námsframboð sem í boði er í hverjum og einum. Einnig verða upplýsingar um þann stuðning sem stendur nemendum til boða, upplýsingar um námslánakerfi, heimavistir og fleira.

Verkefnið er enn með öllu ófjármagnað.

Settur var saman ráðgjafahópur erlendra nemenda til þess að vera álitsgjafi í þessu verkefni og fleiri málum, en illa gekk að virkja hópin, og það var lítil þáttaka á þeim fundum sem voru boðnir, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Eins og kom fram fyrr í skýrslunni þá hyggst félagið búa til menningarmyndbönd, en vinna er ekki enn hafin við það verkefni.

Ráðgjafahópur fatlaðra nemenda og vefsíða

Vorið 2021 óskaði SÍF eftir fulltrúum nemenda í ráðgjafahóp nemenda með fatlanir og sértæka námsörðugleika, sem hittist nokru sinnum á árinu. Helstu verkefni hópsins eru að vera ráðgefendur fyrir upplýsingasíðu sem félagið vinnur að um aðgengi og þann stuðning sem nemendur geta fengið í skólum. Er síðan í anda Réttinda Ronju en Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri á skrifstofu SÍF, vann þá síðu fyrir Stúdentaráð Háskóla Íslands, SHÍ og síðar Landssamtök íslenskra stúdenta, LÍS.

Hugmyndin með síðunni er að gera úrræði fyrir nemendur sýnileg, bæði fyrir þá nemendur sem þegar stunda nám í framhaldsskólum landsins en einnig fyrir þá sem eru í efstu bekkjum grunnskóla og eru að velja sér skóla. Þá eru vonir bundnar við að síðan muni einnig virka sem þrýstiafl til betrubóta þar sem þess er þörf.

Verkefnið hefur þegar hlotið nokkra verkefnastyrki og er stefnt að því að síðan verði tilbúin á vorönn 2022.

Annað verkefni ráðgjafahópsins eru að rýna nýja stefnu SÍF sem og að vera ráðgefandi fyrir félagið í ýmsum öðrum verkefnum.

Bent er á að ofangreint verkefni fellur vel undir lið 20.1 í fjárhagsáætluninni þar sem segir að liður í því að standa vörð um gæði náms og kennslu í framhaldsskólum sé að skilgreina betur lykiltölur og birta tölfræði sem lýsir framhaldsskólakerfinu. Þar verði sjónum meðal

annars beint að aðgengi náms í öllum landshlutum. Markmiðið sé að; „Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs. Mikilvægt er að aðgangur nemenda að gæðanámi og fullnægjandi stoðþjónustu sé greiður, óháð búsetu, og að nám sé skipulagt með þeim hætti að það uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.“

Iðn-og verknám

Málefni iðn-og verknema hafa verið áberandi í starfi SÍF í vetur og hefur framkvæmdastjóri félagsins setið í vinnuhópi og ráðgjafahópi ráðuneytisins um innleiðingu nýrrar reglugerðar um vinnustaðanáám. Hún situr einnig í vinnustaðanáámssjóði og var um tíma í þriggja manna undirhóp hans sem vann að tillögum að breytingum á úthlutunarreglum sjóðsins.

Þá óskaði SÍF eftir fulltrúum iðn- og verknema í ráðgjafahóp félagsins og er skemmt frá því að minnast að ríflega 150 skráðu sig í hópinn, þótt öll hafi ekki mætt á hvern fund. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum og fékk meðal annars kynningu á rafrænni ferilbók frá starfsmanni Menntamálastofnunnar og nýrri reglugerð um vinnustaðanáám. Einnig funduðu einstaklingar úr hópnum með fulltrúum SÍF og ráðuneytisins um nýja reglugerð og breytingar á reglum um sveinspróf.

Óskað verður eftir aðstoð hópsins við að rýna nýja stefnu SÍF sem er í bígerð.

Lánasjóðurinn

Eftirfarandi eru uppfærðar tillögur Sambands íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, að breytingum á úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir námsárið 2021 - 2022.

1.4.

Núverandi:

„Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi sé orðinn fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán fyrir.“

Breytingatillaga:

„Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi **verði** fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán fyrir“ (ef löglegt).

eða

„Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi **sé orðinn** fjárráða áður en lánsönn hefst.“

Skýring:

Orðalagið er of óljóst eins og greinin er núna. Annað hvort þarf námsmaður að vera orðinn fjárráða áður en önnin hefst eða hann verði fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán fyrir.

2.1.

„Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í ákveðinni námsgrein í kennsluskrá skóla, 60 ECTS-einingar (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation

System“) eða ígildi þeirra á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á hverju misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár. Skráning nemandar hjá skóla ræður því hvort námsmaður telst í lánshæfu námi eða ekki.

Heimilt er að veita námslán eingöngu vegna skólagjalda, til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. mgr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 44 ECTS-eininga nám á hverju skólaári, sbr. grein. 3.2.“

Breytingatillaga:

„Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í kennsluskrá skóla, hvort sem er um að ræða eitt ákveðið fag eða fleiri fög sem í kennsluskrá eru sett saman og mynda fullt nám.“

Skýring:

SÍF telur mál sem hafa ítrekað komið upp á fundum vafamálanefndar undanfarin ár sýni að krafan um eina ákveðna námsgrein, ákveðinn einingafjölda á hverri önn eða að nám taki ekki lengi tíma en ákveðna marga mánuði sé á skjön við breytta tíma. Í dag sé nám mun þverfaglegra en áður var og ósjaldan sem nemendur taka fleiri ein eitt fag í sínu námi. Dæmin hafa einnig sýnt að fjöldi eininga á önn geti verið breytilegur, fleiri eina önnina og færri þá næstu eða að námi dreifist yfir fleiri mánuði en leyfilegt hámark í núverandi reglum.

2.2.3

Ekki kemur fram hversu mörgum framhaldsskólaeiningum nemendur þurfa að ljúka til að eiga rétt á lánum né kemur fram í reglunum hver sé þumalputtareglan að reikna á milli ECTS - eininga og framhaldsskólaeininga.

Ef iðn-og verknemar í framhaldsskólum hyggjast taka námslán geta þeir ekki séð í úthlutunarreglunum hvaða kröfur þeir þurfa að uppfylla þar sem einu upplýsingarnar í reglunum tengjast ECTS - einingum. Því renna þeir blint í sjóinn við lántöku eða þurfa að afla sér upplýsinga hjá starfsfólki sjóðsins sem auðvelt væri að draga úr með því að setja upplýsingarnar inn í úthlutunarreglurnar.

2.3.4

Núverandi:

„Heimilt er að veita lán til tungumálanáms ef það er nauðsynlegur undirbúningur undir lánshæft nám í landi þar sem annað tungumál en enska og Norðurlandamál (annað en finnska) er talað.“

Breytingatillaga:

„Heimilt er að veita lán til tungumálanáms ef það er nauðsynlegur undirbúningur undir lánshæft nám í landi þar sem annað tungumál en enska“

Skýring:

Þótt danska sé skyldufag í grunn- og framhaldsskólum er ljóst að margir eiga erfiðara með að ná tókum á henni en ensku þar sem enskan er víða, til að mynda í sjónvarpi og í snjalltækjum. Kunnáttan á tungumálinu sem nauðsynleg er til að geta stundað háskólanám á dönsku (eða öðru Norðurlandamáli) er langt umfram það sem kennt er í skólum hérlendis og því takmarkandi fyrir þá sem hyggjast stunda þar háskólanám

3.2.

Núverandi:

„Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að vera skráður í að lágmarki 22 ECTS-einingar til loka hvers misseris og ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða 15 ECTS-einingum í fjórðungaskólum í einum námsferli.“

Tillaga:

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að vera skráður í að lágmarki 22 ECTS-einingar til loka hvers misseris og ljúka að lágmarki 18 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri.

Skýring:

SÍF tekur undir rök LÍS þegar kemur að lækkun krafna, að Menntasjóðurinn ætti að vera meira í takt við lánasjóðina á hinum Norðurlöndunum og eins að 18 - ECTS séu ekki úr tómu lofti gripnar heldur eins og kröfurnar voru hér áður fyrr.

3.4.5

Núverandi:

„Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 75%.“

Tillaga:

„Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 50%.“

Skýring:

75% örorka eða meira er hæsta stig örorku samkvæmt Sjúkratryggingum Íslands. Ljóst er að lægri örorka getur engu að síður haft veruleg áhrif á námsgetu og þar með árangur. Því telur SÍF rétt að prósentuhlutfallið verði lækkað til að koma til móts við þá nemendur sem eru 50-75% öryrkjar en geta mögulega ekki sinnt fullu námi. Í 24.gr [Samnings um réttindi fatlaðs fólks](#) lið 2. b segir „að fatlað fólk hafi aðgang að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, til jafns við aðra í þeim samfélögum þar sem það býr,“ og í lið 5 segir „Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.“

Með því að lækka skilyrðin úr 75% örorku niður í 50% væri sjóðurinn að fylgja Tryggingastofnun þegar kemur að örorkustyrk en á [síðu stofnunarinnar](#) segir „Örorkustyrkur er hugsaður fyrir einstaklinga á aldrinum 18-67 ára sem bera verulegan aukakostnað vegna örorku sinnar, t.d. vegna lyfja, læknishjálpar eða hjálpartækja. Örorkustyrkur miðast við 50% örorkumat.“

4.2

Tillaga: SÍF styður tillögu LÍS og þau rök sem henni fylgja þegar kemur að grunnframfærslu

4.3

Núverandi:

Námsmenn geta átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir búa í leigu- eða eigin húsnæði. Sé óskað eftir slíku viðbótarláni skal námsmaður sanna eðlilegar leigugreiðslur með skilum á þinglýstum leigusamningi eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá Þjóðskrá/ þinglýsingarvottorði.

Breytingatillaga:

„Námsmenn geta átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir búa í leigu- eða eigin húsnæði. Sé óskað eftir slíku viðbótarláni skal námsmaður sanna eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðslumiða til skattayfirvalda eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá Þjóðskrá/þinglýsingarvottorði.

Skýring:

Aðeins hluti þeirra sem eru á leigumarkaði fá leigusamningi þinglýst og fyrir því eru margar ástæður s.s. að aðeins annar eða einn leigjenda er skráður fyrir samningnum eða leigusalar vilja ekki gefa upp leigutekjur og því ekki þinglýsa samningi. Því telur SÍF Sjóðnum ekki stætt af að krefjast slíkrar þinglýsingar af lántakendum.

Aðalþing og hagsmunaskóli

Hagsmunaskóli SÍF var í fyrsta sinn haldinn samhliða aðalþingi félagsins í september 2019 en verkefnið hlaut þá góðan styrk úr Erasmus+ áætluninni og aftur 2020. Þá var honum hins vegar frestað til haustsins 2021 og verður haldinn samhliða aðalþingi SÍF 18. og 19. september í Háskólanum í Reykjavík. Er hagsmunaskólinn liður í því að valdefla kjörna fulltrúa innan hvers framhaldsskóla, gefa þeim „verkfæri“ í hendurnar til að skila enn betur af sér sínu embætti og fræða þá um hagsmunabaráttu nemenda. Einnig er hagsmunaskólinn góður vettvangur fyrir fulltrúa úr minni hagsmunaráðum sem undanfarið hefur verið stofnað til í ýmsum framhaldsskólum t.d.hinseginfélaga og feministafélaga, til að bera saman bækur sínar, læra hver af öðrum og jafnvel efna til samstarfs.

Dæmi um „kennslustundir“ eru fjármál og bókhald nemendafélaga, réttindi nemenda, siðferðisleg ábyrgð í nemendastörfum, jafnrétti í félagslífi o.fl.

Eftirfylgnikönnun hagsmunaskólans 2019 sýndi svo ekki var um að villast að nemendur voru afar ánægðir með fræðsluna og töldu sig hafa lært fjölmargt sem þeir ekki vissu áður og töldu sig geta nýtt þegar heim væri komið. Í ár verður bætt um betur og eftirfylgni hagsmunaskólans aukin en SÍF hlaut ekki aðeins styrk fyrir hagsmunaskólanum sjálfum heldur einnig til að styðja við þá nemendur sem hann sitja til að halda einskonar „fund fólksins“ í sínum skóla þegar heim er komið þar sem nemendum gefst kostur á að eiga samtál við stjórnendur síns skóla um það sem liggur þeim á hjarta.

Sambandsstjórnarfundur var haldinn í fjarfundarbúnaði í vor þar sem farið var yfir öll helstu mál. Tekin var sú ákvörðun að félagið haldi aðeins einn sambandsstjórnarfund á ári svo að félagið geti eitt meiri tíma í önnur verkefni.

Jafnrétti í félagslífi

Haustið 2020 barst SÍF beiðni frá ráðuneytinu um aðkomu félagsins að verkefni sem miðar að því að jafna þátttöku kynjanna í öllum þáttum félagslífs framhaldsskóla, þ.m.t. nemenda af erlendum uppruna og fatlaðra nemenda. Er verkefnið hluti af þingsályktun um

framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020 - 2023. SÍF brást skjótt við kalli ráðuneytisins enda verkefnið afar mikilvægt og fellur vel að markmiðum félagsins. Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri á skrifstofu SÍF, mun hafa yfirumsjón með verkefninu fyrir hönd félagsins og vann hann í framhaldinu að gerð tillagna að úttekt fyrir ráðuneytið, í samvinnu við stjórnarmeðlimi. Sigvaldi er með meistaragráðu í félagslegri sálfræði sem nýttast mun einkar vel í því verkefni sem um ræðir en einnig lagði SÍF til að ráðnir yrðu inn meistaraneemar úr háskólasamfélaginu til að vinna hluta úttektarinnar. Áætlað er að verkefnið fari af stað á haustmánuðum og gerði SÍF ráð fyrir greiðslu frá ráðuneytinu til handa félaginu til að standa straum af kostnaði þess, ekki aðeins vegna ráðningu meistaraneema heldur einnig kostnaðar félagsins við verkefnið. Á fundi fulltrúa SÍF með ráðuneytinu um verkefnið kom fram að ekki sé gert ráð fyrir greiðslum til félagsins vegna verkefnisins sem sætir furðu enda ljóst að verkefnið verður bæði umfangsmikið og tímafrekt fyrir starfsfólk félagsins.

Skýrsla um kynfræðslu í Grunnskólum

Maggi varaforseti SÍF tók setu í starfshópi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Starfshópurinn var skipaður aðilum víðsvegar úr samfélaginu sem málinu kemur við, m.a. úr menntavísindasviði, Embætti landlæknis og ýmsum hagsmunasamtökum. Starfshópurinn átti að skila af sér skýrslu eftir vinnu frá janúar til maí og gerði það sumarið 2021. Mennta- og menningarmálaráðherra tók við skýrslunni og ræddi með starfshópi um afköst hans og skýrsluna.

Fjölgun umsagna

Þegar enn eru rúmlega tveir mánuðir eftir af starfsári núverandi framkvæmdastjórnar hafa 21 umsagnarbeiðni borist félaginu og hafa aldrei verið fleiri. Voru þær 12 fyrir tveimur árum. Þrátt fyrir að SÍF telji skrif umsagna afar sterkt verkfæri til að hafa áhrif, sem beri að nýta sem oftast, hefur félagið aðeins skilað inn 9 umsögnum á starfsárinu sökum skorts á tíma starfsfólks.

Þá hafa fulltrúar félagsins tvisvar mætt á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á starfsárinu til að gera grein fyrir umsögnum félagsins.

#Égkýs

Félagið skipulagði #Égkýs með LUF í aðdraganda alþingiskosninga 2021. Haldið var utan um skuggakosningar í framhaldsskólum landsins þar sem framhaldsskólanemar fengu tækifæri til þess að kjósa þá flokka sem bjóða sig fram 25. september. Okkur bárust fjárhagsstyrkir frá Dómsmálaráðuneytinu, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu fyrir verkefninu.

Söngkeppnin

Söngkeppnin 2021 átti að fara fram í vor með sjálfstæðum rekstraraðila, en vegna Covid þá þurfti rekstraraðilinn að hætta við. Vegna frekari samkomutakmarkana var tekin ákvörðun að fresta keppninni fram á haust. Reynt var að semja við RÚV um að halda keppnina með SÍF, en ekki náðist nógu gott samkomulag um fjármögnun keppinnar. Þess vegna var ákvað framkvæmdastjórn að halda keppnina sjálfstætt í Hljómahöll í Reykjanesbæ þann 9. október.